

**Skólaslit 2020.**

**Ræða skólameistara**

Ágætu verðandi nýstúdentar og fjölskyldur, starfsmenn, júbílantar og aðrir gestir í fjarska. Tæknimenn fyrirtækisins Sonik sjá um að streyma dagskránni.

Menntamál og starfsemi í framhaldsskólum eru í eðli sínu síbreytileg, í stöðugri þróun. Þróunin stöðvast aldrei, það er ekki svo að hægt sé að setjast niður á klöpp í fjallgöngunni, horfa yfir landslagið og segja: “Þetta er gott”. Það má stöðugt bæta, sífellt er þörf á að aðlaga nám og kennslu breytingum samfélagsins og atvinnulífsins.

Við höfum sinnt sjálfsmati, innra mati, af mikilli álúð þó ég segi sjálfur frá. Starfandi er verkefnastjórn sem verkefnastjóri gæðamála stýrir m.a. með fulltingi verkefnastjóra upplýsingamála, forstöðumanni bókasafnsins, áfangastjóra og skólameistara. Og mörg eru verkefni þar! Gæðahandbók, málalyklar og vinnsluskrár, persónuverndarmál og jafnlaunavottun svo fátt eitt sé talið. Ýmiskonar vottaður hugbúnaður hefur verið tekinn í gagnið vegna þessara verkefna og munu ytri vottunaraðilar, sem samið hefur verið við, taka verkefni út á næstu misserum.

Menntaskólinn að Laugarvatni er afar vel tæknivæddur af vél- og hugbúnaði. Og eins, ekki síður mikilvægt, eru starfsmenn einstaklega

duglegir við að tileinka sér nýja tækni og nýta hana í kennslu sinni undir leiðsögn og aðstoð verkefnastjóra upplýsingamála. Því var það minna átak en ella hefði verið þegar samkomubannið var sett á vegna kófsins um miðjan mars síðastliðinn. Þó var þetta átak! Kennarar og stjórnendur lögðu á sig gífurlega mikla vinnu við að breyta náms- og kennsluumhverfinu úr staðvinnu í fjarvinnu. Og nemendur skólans lögðu á sig mikla vinnu. Ég var og er fullur aðdáunar á afrekum nemenda og starfsmanna á þessum tímum kófsins. Ég er og þakklátur verðandi nýstúdentum sem hér sitja skilning þann sem þeir sýndu á stöðunni á vikulegum umsjónarfundum mín og áfangastjóra með þeim, þó auðvitað hafi oft reynt á missandi af svo mörgu, hefðum og samveru, þeirra síðustu önn í skólanum. En .. ekki meir um það!

Mín trú, og von, er að reynsla sú sem við, já Íslendingar allir, sem og allar þjóðir heimsins hafa aflað sér á þessum skrítnu tímum, svo ég orði það þannig, muni í framtíðinni hafa varanleg áhrif í för með sér í menntamálum og atvinnumálum. Í framtíðinni verður fjarvinna minna mál, vinna og ýmis störf munu, trúi ég, miðast fremur af verkefnum en stimpilklukkunni, fjarfundir verður hinn eðlilegi fundarvettvangur, fjarkennsla venjuleg kennsla. Með þessum orðum er ég ekki að “gleðjast yfir” því sem á hefur gengið heldur að benda á að áföll geta verið forsenda breytinga og jákvæðrar þróunar. Fyrir mörgum árum á málgaði ég það á kennarafundi að við í ML ættum að huga að því að vera með svonefnda “heimaviku” á hvorri önn, sérstaða skólans væri þess eðlis að það væri kjörið. Nemendur “fengju heimferðarleyfi” eina

vikur í senn hvora önn og sinntu vinnu sinni þaðan. Kennarar myndu kenna og leiðbeina í fjarvinnu heiman frá sér, eins og verið hefur síðustu 9 vikur eða svo, eða frá sinni vinnustöð í skólanum. Næsta skólaár, mörgum árum síðar, verður þetta svo. Skóladagatal næsta vetrar hefur verið samþykkt á kennarafundi og í skólaráði hvar gert er ráð fyrir heimaviku. Með því viðhöldum við þekkingu, hæfni og færni kennara og eldri nemenda og þjálfum nýnema, sem margir hverjir hafa þó þá þjálfun úr grunnskóla, í fjarvinnu.

Ég hef haft það fyrir sið að tíunda framkvæmdir og viðhald á húsnæði skólans á skólaslitum. Ekki bregð ég út af vananum. Í mjög svo stuttu máli þá verður lokið við viðhald og endurbætur á starfsmannahúsnæði skólans í sumar en það verkefni hefur verið í gangi í nokkur ár. Eins verður gluggum í húsi I á Nös skipt út í sumar fyrir gluggakerfi eins og áður hefur verið sett upp í aðrar álmur heimvistarhúsanna, kerfi sem uppfyllir staðla brunavarna í sambandi við flóttleiðir.

Einnig og ekki síður verður skipt um klæðningu eldri álmu hússins sem hefur réttilega verið metin ónýtt, skipt um alla glugga í skólahúsinu sjálfu og þakjárn. Útboð verksins mun fara fram von bráðar en áætlað er að þessari miklu framkvæmd ljúki síðsumars 2021. Er þetta verkefni eitt af átaksverkefnum ríkisstjórnarinnar til að koma með innspýtingu í atvinnulífið í kjölfar þess sem þjóðin hefur verið að ganga í gegnum.

Fyrirnefndar framkvæmdir þessa og næsta árs við ML eru upp á um hálfan milljarð. Er það vel!

###

Okkur ber að undirbúa nemendur undir þátttöku í samfélaginu, lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun sem og undir áframhaldandi nám í háskólum sem sérskólum hérlendis sem erlendis. Í námskrá framhaldsskóla er tók gildi 2015, og við störfum nú eftir, er öðru fremur horft til grunnþáttanna Læsi, Sjálfbærni, Lýðræði og mannréttindi, Jafnrétti, Heilbrigði og velferð og Sköpun. Allt nám og öll kennsla í nýju þriggja ára kerfi ber keim af þessum grunnþáttum, í öllum námsgreinum. Það er vandi að breyta áherslum og kennsluaðferðum svo vel takist til í þessum eignum og ekki síður að skipuleggja nýtt innihald margra grunnáfanga þar sem áður fyrrum byrjunaráfangar framhaldsskólanna í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku færðust (eða eiga að hafa færst) til grunnskólans. Reynt hefur á faglega nálgun kennara skólans hin mörg síðustu ár í því að innleiða nýju námskrána, að vinna um leið að styttingu náms til stúdentsprófs enda tengdum við hér í ML grunnþættina, styttinguna og breytt vinnulag í námi og kennslu skýrt saman frá upphafi í breytingaferlinu. Í nýju kerfi eru nemendur að jafnaði í sjö áföngum á önn, utan heilsuáfanga/íþróttar, miðað við sex áfanga þegar fjögurra ára kerfið var við líði. Ætla má að vegna fjölda áfanga að álag sé meira en áður, en ný námskrá miðar við mat á vinnu nemenda að baki áföngum en ekki fjölda kennslustunda, vinnu við

verkefnin í stað stimpilklukkunnar. En breyting þessi bíður upp á aukinn sveigjanleika í námi og kennslu. Þó ætla megi að álag sé meira, má færa fyrir því rök að svo sé ekki endilega. Álagið er öðruvísi. Vinnan er jafnari og þéttari, námið er verkefnamiðaðra en áður var og símat er stór þáttur námsmats. Jafnhliða þessari breytingu er staðreynd að brotthvarf er minna. Ekki vegna þess að kröfur hafi minnkað heldur öllu frekar vegna þess að nálgunin, aðferðin, hentar fleiri nemendum betur.

Ég verð að segja: Afskaplega höfum við staðið okkur vel í þessari þróun, í þessari innleiðingu. Málin hafa verið rædd í þaula, ótaldir fundir hafa verið haldnir, fjölmennir sem fámennir, rýnt í innihald áfanga, eitt tekið út og annað sett inn, nýir áfangar litið dagsins ljós, aukið val nemenda á þriðja ári orðið að raunveruleika .. og svo mætti lengi telja. Ég er afar stoltur af kennurum skólans yfir því hvað nálgun þeirra var fagleg og hvað samstaðan var mikil. Við rérum í takt, skútan hefur haldið góðu stími

Fjórða iðnbyltingin hefur kallað á breytingar sem sér ekki fyrir endann á. Nám og kennsla eru orðin mjög stafræn og verkefnaskil að mestu rafræn, En ekki þýðir að klippa og líma (copy/paste), hugbúnaðurinn Turnitin sér til þess, í gegnum hann eru öll verkefnaskil keyrð og les samsvörun við það sem til er á alnetinu.

Við förum þá leið að auka val nemenda á þriðja ári mjög og er lokaár þeirra á námsbraut meir í líkingu við áfangakerfi. Skólinn er þó bekkjakerfisskóli, brautalýsingar eru fyrirfram ákveðnar á fyrstu árunum tveimur og að litlum hluta á þriðja ári.

Útivist og kór eru valáfangar öll árin en á síðasta ári námsins er valið mjög fjölbreytilegt. Meira að segja geta þriðja árs nemar valið áfanga sem eru bundnir á fyrsta eða öðru ári á þeirri braut sem þeir eru ekki á svo fremi sem undanfarareglum sé fylgt. Flækjustigið hefur eðlilega aukist við þetta, en það er verkefni!

Þessa utan eru margir nemendur í tónlistarnámi við tónlistarskóla, nám sem þau fá metið sem óbundið val sé það á fjórða stigi tónlistarnáms eða herra.

Nefna má en nú orðið eru störf stjórnarmeðlima nemendafélagsins Mímis metin til eininga.

Það er svo margt sem lærist í heimavistarskóla sem ML, annað en það sem er á bókina. Ævilöng vinátta myndast, hæfni í mannlegum samskiptum eflist mjög í okkar stóru fjölskyldu, heimavistarlífið er ævintýr, félagslíf, íþróttalíf og tónlistarlíf nemendafélagsins sérlega öflugt svo eitthvað sé talið. Við erum með einn fjölmennasta og öflugasta framhaldsskólakór landsins, leiklistarlíf nemenda er svo einstakt að eftir er tekið (þó ekki tækist að koma leikriti á fjalirnar

nýliðið skólaár af skiljanlegum ástæðum) og útvistaráfangarnir eru sérlega uppbyggjandi og vinsælir.

Já, mörg eru verkefnin. Í skólanum eru verkefnastjórar eins og áður hefur komið fram, sem eru í öðrum störfum samhliða, aðallega við kennslu. Verkefnastjórar í kerfismálum og upplýsingatækni í námi og kennslu, í jafnréttismálum, utanumhaldi kórsins, í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og forvarnarmálum, í verkefninu Skóli á grænni grein eða Grænfánaverkefninu og í Kynningarmálum. Eins er verktaki að vinna fyrir skólann að Grænum skrefum í ríkisrekstri. Nú, að auki eru það verkefni að aðstoða nemendur í Gettu betur, Morfís svo og landskeppnum í hinum ýmsu námsgreinum s.s. eðlisfræði, stærðfræði, efnafræði, líffræði, þýskupraut, Boxinu, ... og svo mætti lengi telja og víst er að ég gleymi einhverju. Einnig hafa verið verkefnastjórar erlendra samskiptaverkefna þegar það hefur átt við. Áhugi og elja verkefnastjóranna er þakkarverð. Er það eitt af því sem gerir ML að góðum skóla.

Menntaskólinn að Laugarvatni á sér í raun ekkert tryggt bakland. Um 80% nemenda hans koma af Suðurlandi, bæði úr dreifðum byggðum og frá þéttbýliskjörnum svæðisins. Aðrir nemendur eru víða af landinu, þó fæstir að jafnaði frá Norðurlandi. Aðsókn hefur flest öll ár verið góð og oft svo að við höfum ekki getað tekið við öllum. Stefnir í nú, rétt áður en lokavali nemenda úr 10. bekkjum grunnskóla landsins lýkur, að svo verði einnig næsta haust en umsóknir eru, eins og staðan er í dag,

um 20 fleiri inn á fyrsta ár en við getum tekið við. Það er vandasamt en um leið verkefni. Fram til ársins 2022 fækkar nemendum á landsvísu sem útskrifast úr grunnskólum en eftir það fjölgar þeim hratt. Þá fljótlega koma svo hrunbörnin! Og vænta má kóf-barna í framhaldsskólana eftir 16 ár! (Fyrirgefið mér!) Mannskepnan er merkileg dýrategund. En það sem ræður mestu um góða aðsókn er, að mínu mati, umsögn nemenda um skólann sinn, um kennslu og nám, um vistarlífið, félagslífið, stjórnunina, aðbúnaðinn, svo ég tali ekki um fæðið og þvottahúsið. Það skorar hátt. Þetta er lúxus, eilíf sæla !

Ég mun ávarpa nýstúdenta sérstaklega í lok dagskrár en nú flytur annál skólaársins 2019-2020, staðgengill skólameistara, Jóna Katrín Hilmarsdóttir áfangastjóri.

Halldór Páll Halldórsson skólameistari